

Sþ.

## 453. Tillaga til þingsályktunar

[230. mál]

um svæðisskipulag fyrir Fljótsdalshérað.

Flm.: Sveinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að skipulagsstjóri ríkisins beiti sér fyrir að gert verði svæðisskipulag fyrir Fljótsdalshérað í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og aðra er málið varðar. Skipulag þetta nái til helstu þátta landnotkunar og landverndar og taki mið af æskilegri og mögulegri nýtingu landsgæða, félagslegum viðhorfum og áætlunum um atvinnuþróun á svæðinu.

### Greinargerð.

Með tillögu þessari er farið fram á það við ríkisstjórnina, að hún hlutist til um gerð svæðisskipulags fyrir Fljótsdalshérað.

Flutningsmanni er aðeins kunnugt um eitt svæðisskipulag sem unnið hefur verið hér á landi áþekkt því sem hér er að stefnt. Náði það til þriggja hreppa, þ. e. Selfosshrepps, Ólfushrepps og Hveragerðishrepps. Sú vinna, sem þar var unnin, lofaði góðu og var fyrsta þætti hennar lokið 1978. Segja má að þar við sitji, þar sem hlutaðeigandi sveitarfélög hafa ekki sýnt málinu tilhlýðilegan skilning og staðið hefur á staðfestingu af þeirra hálfu.

Hér á landi skortir mikið á að unnið sé að kortlagningu, endurbættum landmælingum og þróun fjarkönnunar miðað við þarfir og þá möguleika sem nútímatækni leyfir. Vöntun á slíkum gögnum og upplýsingum bitnar á margháttuðum rannsóknum sem æskilegar væru á náttúru landsins, skipulagsvinnu og framkvæmdaundirbúningi. Mikilvægt er að skipuleggja notkun lands og nýtingu auðlinda með heilbriggt umhverfi og þarfir komandi kynslóða í huga. Ráðstöfun lands og náttúrugæða getur haft áhrif um langa framtíð. Slíkar gjörðir þarf að byggja á staðgöðri og viðtækri þekkingu, sem m. a. leiðir í ljós líkleg áhrif á náttúru, efnahagslíf og félagslegt og menningarlegt umhverfi.

Þessara sjónarmiða mun gæta meir í framtíðinni við skipulag og áætlanagerð hérlendis, en því aðeins ná fram að þeim sé sýndur nægur skilningur og fjárveitingar tryggðar.

Alþingi setti fram háleit markmið með landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu. Náði hún m. a. til aðgerða vegna gróður- og jarðvegseyðingar í byggð og á hálendi, átaks á sviði skógræktar og til rannsókna á verndun og hagnýtingu beitilanda. Einnig voru þar áform um gerð gróður- og jarðakorta er næðu yfir allar byggðir.

Mikilvægt er að áfram verði unnið að þessum háleitu markmiðum, en ekki skal hér kveðinn upp dómur um þann árangur sem náðst hefur til þessa.

Á Fljótsdalshéraði hefur byggð mjög eflst á undanförunum árum. Er það fyrst og fremst að þakka vexti og viðgangi þéttbýlisins á Egilsstöðum og í Fellahreppi við Lagarfljótsbrú. Einnig er öflugur vísir að þéttbýli á Hallormsstað í tengslum við vaxandi skógrækt og grunnskóla. Á Eiðum er einnig vísir að þéttbýli í tengslum við grunnskóla og alþýðuskóla. Með bættum samgöngum vex ferðamannastraumur með hverju ári, og vegna orðlagðrar veðursældar og fjölbreyttrar náttúru á Héraði hefur ásókn í sumarbústaðalönd mjög aukist. Þegar hafa risið tvær þyrpingar slíkra bústaða og að undirbúningi vegna tveggja annarra er nú unnið. Að auki hafa svo einstakir bústaðir risið víða um héraðið á undanförunum árum. Samræming og skipulagning þessara mála hefur verið í lágmarki og nauðsynlegt að úr verði bætt.

Nú eru uppi áform um virkjun í Fljótsdal og að í Reyðarfirði verði komið upp orkufrekum iðnaði. Þessir þættir hafa veruleg áhrif á byggðapróun á stóru svæði.

Á vegum SSA hefur undanfarin ár verið unnið að hagrænni áætlun fyrir allt Austurland og nær sú áætlun fyrst og fremst til þéttbýlisstaðanna. Síðasti hluti þessarar áætlunar er iðnþróunaráætlun.

Talið er nauðsynlegt að tengja þessar hagrænu áætlanir meira við landnýtingaráætlanir hinna einstöku sveitarfélaga með gerð svæðisskipulags fyrir fleiri sveitarfélög, þar sem teknir yrðu inn þættir eins og landbúnaður, sem tiltölulega lítið er vikið að í Austurlandsáætlun, efnistaka, samgöngur, staðarval fyrir skógrækt, staðarval fyrir iðnað, orlofsbústaðir, náttúruvernd, útivist o. fl.

Þessa vinnu væri jafnframt hægt að tengja gerð iðnþróunaráætlunar og þá ef til vill sérstaklega með tilliti til samgangna og staðarvals fyrir iðnað af ýmsu tagi.

Í þriðju og fjórðu grein skipulagslaga er nánar kveðið á um hvernig staðið skuli að gerð svæðisskipulags. Undirbúningur væri fyrst og fremst fólgin í skipun samvinnunefndar samkvæmt skipulagslögnum, gagnasöfnun og kortagerð.

Landmælingar ríkisins ráða yfir mjög góðum tækjabúnaði til að gera ortofotografísk kort, þ. e. kort sem eru í senn loftmynd og hæðarlínukort. Slík kort, í mælikvarða 1:10 000 fyrir hin mikilvægari svæði og annars staðar í mælikvarða 1:20 000, mundu léta mjög gerð svæðisskipulags. Slík kort eru ekki fyrir hendi af umræddu svæði. Þau mundu koma mörgum opinberum aðilum, auk heimamanna, að gagni.

Rétt þykir því að leggja áherslu á að hið opinbera veiti fé og standi undir kostnaði vegna nauðsynlegrar kortagerðar. Kostnaður vegna skipulagsvinnu skal hins vegar lögum samkvæmt greiddur að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af hlutaðeigandi sveitarfélögum.

Hér er ekki um að ræða verkefni sem verður unnið í einum áfanga. Samvinnunefnd verður að ráða verkefnum í forgangsröð. Þar er kortagerðin ef til vill efst á blaði, enda verða t. d. ákvæði skipulagslaga um skipulagsskyldu allra sveitarfélaga ekki með góðu móti framkvæmd nema kort séu fyrir hendi.

Skipulagsstofnun Austurlands hefur verið komið á fót á vegum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Æskilegt er, að verkefni þetta verði unnið á vegum stofnunarinnar í náinni samvinnu við Skipulagsstjóra ríkisins og samvinnunefnd þá, sem ráðherra mundi láta skipa til að vinna að undirbúningi málsins.